



# Endurreisin miðbæjarins og fyrirbyggjandi aðgerðir

– segir Elín G. Ólafsdóttir, V-lista

## Yfirheyrsla

Haukur L. Hauksson

– Hver er borgarstjóraefni Kvennalistans?

„Sérstakt borgarstjóraefni hefur aldrei komið til umræðu innan Kvennalistans. Hins vegar mundum við koma okkur saman um slíkt starf og væntanlega skipta því hlutverki með okkur ef út í það fað.“

– Viljið þið taka embættismannakerfi borgarinnar til athugunar komist þið til áhrifa?

„Ég tel fulla ástæðu til auglýsa alltaf stöður á vegum borgarinnar svo allir hafi möguleika á að sækja um. Þá má fekkja ymsum toppstöðum sem nú eru í borgarkerfinu og eins kemur til álita að endurskoða ráðningartíma, sérstaklega þeirra sem eru í aðstu embættum hjá borginni.“

– Hver er stefna ykkar varðandi forgangsröð verkefna?

„Kvennalistinn er fyrst og fremst að tala um að kjör kvenna verði bætt og störf beirra endurmetin til launa. Þá leggjum við áherslu á heildarstefnu í heilsuvernd og andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði. Það þarf að framkvæma fyrirbyggjandi aðgerðir og að horfast i augu við þá staðreynd að fjölskyldur í borginni eiga að mörgu leyti erfitt uppráttar. Laun eru almennt frekar lág þannig að margt folk verður að vinna mjög langan vinnudag. Stóra spurningin er síðan hvernig borgin mætir pessum staðreyndum. Hvernig óryggi og umönnun fyrir börn undir skólastrið og í skóla eru sinnt. Pessi mikilvægu mál hafa ekki verið í forgangsröð þar sem karlar skilja ekki þórfina á sama hátt og við konur.“

– Hvað finnst ykkur um forgangsröð framkvæmda hjá borginni?

„Mér finnst að of miklu fé hafi verið varið í að byggja hús yfir stjórnssíslu, veitingahús, umferðarmannvirki eins og bilageymslur og annað. Það hefði burft að skoða hvort það væri virkilega það sem okkur vantaði mest.“

– Hver er stefna ykkar í umhverfismálum og þá með tilliti til skolps og sorps?

„Við höfum haldið að landið væri heilnæmara en það er í raun og höfum ekki hugsað nögu vel um hvað verður um það sem við hendum frá okkur í neyslufárinu. Við teljum að möguleiki sé að setja á laggar sorpvinnum sem skilar nánast öllu nothæfu sem í hana fer. Þannig þarf urðun ekki að vera nema sáralitil. Ég hefði helst viljað sjá þannig sorpvinnum í stað böggunarstöðvar.“

Í skólpálmum er gripið til ráðstafana begar í öfni er komið eins og nái. Þó er haegt að bæta um betur með því að hraða framkvæmdum.“

– Viljið þið flytja áburðarverksmiðjuna í Gufunesi?

„Ég krefst flutnings verksmiðjunar en það þarf náttúrlega að standa vel að þeim pálmum er snúa að starfsfólkini.“

– Flugvöllurnar er í hjarta borgarinnar og skiptar skoðanir um hann.

„Strax og við komum með framboð okkar 1982 settum við fram tilloð um að flutningur flugvallarins yrði athugaður og í staðinn kæmi einhvers konar ibúðabyggð.“

– Eruð þið sammála þróuninni í skipulagsmálum?

„Við viljum þétti byggðar eins og tillagan um flugvöllinn sýnir. Þegar teygð er úr byggðinni verða vegalengdir meiri fyrir fólk sem aftur kallað að meiri umferð og ymsa óhagræðingu.“

– Hver er vilji ykkar í dagvistar-

málum og málnefnum aldraðra?

„Kvennalistinn hefur alltaf sett dagvistir mjög ofarlega á blað. Það er ekki búið nögu vel að þeim málaflokki í dag en meginmáli skiptir hvernig búið er að börnum meðan foreldrar eru í vinnu.“

– Hver er vilji ykkar í dagvistar-

málum og málnefnum aldraðra?

„Við viljum endilega endurreisa gamla miðbæinn, þó ekki væri nema að hluta til. Ég vil jafnvel flytja eitthvað af gómlu húsnænum, sem búið er að flytja upp í Árbæ, aftur niðureftir. Nauðsynlegt er að lífga miðbæinn við, laða fólk að svo það vilji búi þar. Það má gera með því að setja skilyrði, að ekki séu byggð hús nema sé gert ráð fyrir svo og svo mórgum íbúðum. Okkur óar við öllum þessum dauðu stofnum í miðbænum.“

– Hver er stefna ykkar í íþrótt-

-og æskulýðsmálum?

„Við viljum styðja betur við bakði að hvers konar almenningsíþróttum.“

– Eskiðuðu tengjast því for-

-varnarstarfi í heilbrigðismálum

sem ég gat um áðan. Nú vaxa börn og unglungar úr grasi við meiri áreiti en fyrr þar sem eru auglýsingar, ótal tilboð, myndbund, leiktafkasalir og knattborðsstofur. Leiktafkjósunum vara ég beinlinis við. Því tel ég að efla beri frjáls félagsamtök og upphbygingu aðstoðu með aðstoð barna og unglunga í hverfunum og á miðbænum þar sem börn úr fleiri hverfum geta hist.“

– Hvernig á að sporna við ofbeldi í miðbænum sem á stundum er talinn beinlinis hættulegur?

„Það þarf einhverja rauverulega félagsaðstoðu fyrir börn og unglunga í miðbænum, sem þau hafa áhrif á. Eins og miðbærinn er núna er fyrst og fremst gengið út frá því fólk sem getur setið á þóbbunum og matstofunum.“

– Hvernig miðbæ vilja kvennalistakonur?

„Við viljum endilega endurreisa gamla miðbæinn, þó ekki væri nema að hluta til. Ég vil jafnvel flytja eitthvað af gómlu húsnænum, sem búið er að flytja upp í Árbæ, aftur niðureftir. Nauðsynlegt er að lífga miðbæinn við, laða fólk að svo það vilji búi þar. Það má gera með

því að setja skilyrði, að ekki séu

byggð hús nema sé gert ráð fyrir

svo og svo mórgum íbúðum. Okkur óar við öllum þessum dauðu stofnum í miðbænum.“

– Hvað finnst ykkur um afskipti borgarinnar í atvinnumálum og þá sérstaklega hvað varðar veitingarekstur?

„Það er út í hótt að borgin skuli vera að blanda sér í veitingahusa-

rekstur eins og á Öskjuhlíð. Það er ekki hlutverk sveitarfélags að byggja upp veitingahús fyrir einkabíla til rekstrar. Varðandi Glym sýnist mér að þegar til kastanna kemur séð stáðurinn óhentugur til félaga- og æskulýðsstarfsemi. Ég var hlynnt því að komið yrði í veg fyrir að Hótel Borg yrði enn ein dauð stofnun í miðbænum en hins vegar orka kaupin sem slik tvímaelis.“

– Nú burfa Reykvikinger að sækja verslun í nágrannabýggðarlögum seinnihluta helga.

„Það er ýmislegt til í þessu en ég vil taka fram að mér finnst nauðsynlegt að vernda sunnudaga fyrir fjölskyldur. Það er svo mikil af konum sem vinna í verslunum að ef þær væru opnar alla helgina varum við endanlega að ganga af fjölskyldulífi dauðu í borginni. Hins vegar má hugsa sér einhvers konar hverfaskiptingu á þessari þjónustu.“

– Af hverju ætti fólk að kjósa Kvennalistann?

„Við komum fram til þess að breyta þjóðfélagini og við gerum það með sjónarmið okkar kvenna að leiðarljósi. Við konur vitum best hvað brennur mest á konum og heilmilum borgarinnar.“

– Hafið þið áorkað einhverju síðan þið komuð fram á sjónarsviðið?

„Já, alveg örugglega. Það er nóg að heyra umræðuna núna þar sem allir tala um dagvistir, einsetinn skóla og að bæta þurfi kjór fólk. Það er þessi kvennasýn sem við viljum tryggja með því að vera í borgarpólitik.“

-hlh

## Framboðslisti

### Samtaka um kvennalista:

1. Elin G. Ólafsdóttir borgarfulltrúi.
2. Guðrún Ógmundsdóttir félagsráðgjafi.
3. Ingibjörg Hafstað skrifstofust.
4. Elin Vigdís Ólafsdóttir, kennslukona og húsmóðir.
5. Margrét Sæmundsdóttir, fóstra og húsmóðir.

### 6. Hölmfríður Garðarsdóttir framkvæmdastýra.

### 7. Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarkona.

### 8. Helga Tulinus jarðeðlisfræðingur.

### 9. Kristín Á. Arnadóttir.

### 10. Ína Gissurardóttir deildarstýra.

### 11. Hulda Ólafsdóttir sjúkraþjálfari.

### 12. Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur.

### 13. Elin Guðmundsdóttir húsmóðir.

### 14. Stella Hauksdóttir fiskiðnarkona.

### 15. Guðrún Agnarsdóttir læknir.

### 16. Hölmfríður Arnadóttir framkvæmdastjóri.

### 17. Kristín Jónsdóttir islenskufræðingur.

### 18. Guðný Guðbjörnsdóttir dósent.

### 19. María Jóhanna Lárusdóttir íslenskukennari.

### 20. Málhildur Sigurbjörnsdóttir fiskverkakona.

### 21. Sigrún Sigurðardóttir dagskrágerðarkona.

### 22. Sigrún Ágústsdóttir kennari.

### 23. Helga Thorberg leikkona.

### 24. Sigríður Lilly Baldursdóttir eðlisfræðingur.

### 25. Borghildur Maack húskrunarkona.

### 26. Magdalena Schram blaðakona.

### 27. Sigríður Dúna Kristmunds-

### dóttir mannfræðingur.

### 28. Kristín Astgeirsdóttir sagnfræðingur.

### 29. Lafey Jakobsdóttir, amma í Grjótaþorpi.

### 30. Ingibjörg Sölrun Gisladóttir blaðakona.